

**Ed.**

**685. Nefndarálit**

[97. mál]

um frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, en ekki orðið einhuga um afgreiðslu þess. Þann 1. febrúar var frv. þetta tekið til umræðu í Ed. og vísað til landbúnaðarnefndar þann 6. febrúar. Litlu síðar var málið tekið fyrir í nefnd og sent til umsagnar þriggja aðila: Stéttarsambands bænda, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Umsögn hefur borizt frá Stéttarsambandi bænda, þar sem það mælir með frv. Hins vegar hafa ekki borizt umsagnir frá Búnaðarbanka Íslands né Seðlabanka Íslands. Sennilega eru þessir aðilar í meginatriðum sammála flutningsmönnum um þýðingu frv. fyrir bændastéttina og telja sig þar af leiðandi ekki þurfa að gefa umsagnir. Frv. þetta á miklum vinsældum að fagna á meðal bænda, enda var því vel tekið af þeim, sem létu álit sitt í ljós, er það var til 1. umræðu í Ed.

Þótt líði að þinglokum og þetta mál hafi ekki enn náð fram að ganga, viljum við, sem erum í minni hl. landbúnaðarnefndar, afgreiða frv. óbreytt og leggjum til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1968.

Ásgeir Bjarnason,  
frsm.

Páll Þorsteinsson.